

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

#### *Hagaland, deiliskipulagsbreyting, Selfossi.*

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 15. nóvember 2017 breytingu á deiliskipulagi Hagalands, reit CD. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir að athugasemdafrestur var liðinn bárust ábendingar frá framkvæmda- og veitusviði Árborgar og var sú breyting gerð frá auglýstri tillögu að húsagötur voru lengdar til norðurs, út fyrir lóðarmörk og lóðarmörk aðlöguð að nýrri legu gatna. Enn fremur voru göngutengingar bættar á nokkrum stöðum og aðlagðar að nærliggjandi deiliskipulagi við Víkurheiði. Kvöð um lagnaleið er færð til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Skóla- og sundhallarreitir, deiliskipulagsbreyting, Selfossi.*

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 14. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi skóla- og sundhallarreits á Selfossi. Í breytingunni felst stækkun á leyfilegum byggingarreit innan lóðar, bæði til norðurs og suðurs út frá núverandi byggingu. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar um 600 m<sup>2</sup> við leikskólann. Viðbygging þessi kallar á stækkun og/eða endurskipulagningu aðkomu og leiksvæðis við leikskólann. Breytingin kemur ekki til með að hafa áhrif á núverandi leyfilegt byggingarmagn, lóðarstærð eða leyfilegt nýtingarhlutfall lóðar. Allir deiliskipulagsskilmálar haldast óbreyttir við breytingu þessa.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Björgunarmiðstöðin á Selfossi, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 25. apríl 2018 breytingu á deiliskipulagi lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi. Í breytingunni felst að nýr byggingarreitur C kemur austan við núverandi sjúkrahúsbyggingu þar sem fyrirhugað er að reisa hjúkrunarheimili. Byggingarreitur B færir til norðurs. Byggingarreitir, nýtingarhlutfall, byggingarmagn og hæðir húsa breytast fyrir báðar lóðirnar. Núverandi skrifstofubygging verður víkjandi. Þyrlupallur færir til suðvesturs frá núverandi staðsetningu. Fjölgun og breyting verður á bílastæðum austan við sjúkrahúsbygginguna og munu þau tilheyra bæði sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili. Enn fremur verður gert ráð fyrir nokkrum bílastæðum meðfram Árvegi og snúningsaðstöðu við enda götunnar þar sem búið er að loka fyrir gegnumakstur við lóð MS. Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram Árvegi og tengingu við hann þvert gegnum lóðina til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 6. júlí 2018.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.